

# INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

LÁGMÚLA 9 • SÍMI: 590 7100 • FAX: 590 7101 • PÓSTHÓLF 5172 • 125 REYKJAVÍK  
KT.: 530372-0229 • BANKI: LANDSBANKI ÍSLANDS 139-26-4700 • www.medlag.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1611*  
*komudagur 31. 3. 2004*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari.

Reykjavík, 26. mars 2004

Í bréfi yðar dags. 11. mars 2004 óskið þér eftir umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

130. löggjafarþing 2003-2004 þskj. 356 – 311. mál.

## I.

Innheimtustofnun sveitarfélaga telur að meðlagsgreiðslur eigi að vera skattfrjálsar, enda er það til hagsbóta meðlagsgreiðendum sem margir hverjir búa við þröngan efnahag.

## II.

Innheimtustofnun sveitarfélaga mótmælir því harðlega að handhafar meðlagsúrskurða, skilnaðarsamninga, skjala um slit óvígðrar sambúðar og annarra heimildarskjala eigi óheftan aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Núgildandi kerfi hefur verið sveitarfélögunum þungur baggi.

Tryggt hefur verið um langt skeið að einfalt meðlag, meðalmeðlag, sem er sömu fjárhæðar og barnalífeyrir almannatrygginga eða nú kr. 16.025.- pr. mánuði sé lagt út hjá Tryggingastofnun ríkisins og umboðum hennar þ.e. sýslumönnum landsins. Hefur því verið ævinlega hafnað af sveitarfélögunum að auka þessa félagslegu heimild.

Veltan sem stafar af meðlögum fer sífellt hækkandi.

Er nú svo komið að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga nema orðið um kr. 240 milljónum á mánuði.

Nefna má eftirfarandi staðreyndir:

Árið 2002 námu kröfur Tryggingastofnunar ríkisins kr. 2.589.973.572. Heildarinnheimta nam kr. 2.047.203.014 og sækja þurfti í Jöfnunarsjóð kr. 714.974.370. Geta ber þess að í innheimtutölu eru einnig meðlög frá fyrri árum.

Árið 2003 námu kröfur frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 2.675.992.037 og sækja þurfti í Jöfnunarsjóð kr. 725.648.913. Heildarinnheimta nam kr. 2.148.021.735. Í innheimtutölu eru einnig meðlög frá fyrri árum.


Það er áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga að kröfur frá Tr. ríkisins á árinu 2004 muni hækka töluvert og nema kr. 2.8 milljörðum en innheimta kr. 2.3 milljörðum með eldri meðlögum og sækja þurfi kr. 770 milljónir í Jöfnunarsjóð.


Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur tekist að innheimta ca. 70% af kröfum hvers árs. Það sem er útistandandi þarf að innheimta með miklum erfiðismunum á mörgum árum. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því hve meðlagstímabilið er langt A. 0-18 ára og B. menntunarmeðlög 18-20 ára. Við þetta geta bæst mörg vanskilaár. Gamlar skuldir hrannast upp og verða skuldaranum óbærilegar. Hætta er á misnotkun ef auknum meðlögum verður komið á með ábyrgð sveitarfélaganna. Fólk gæti samið um aukin meðlög og ekki greitt síðar.

Fjárhagur sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs leyfir ekki aukningu útgjalda vegna meðlaga. Ef vilji er til þess að bæta hagsmuni barnafólks er vænlegra að breyta barnabótakerfinu.

Niðurstaða Innheimtustofnunar sveitarfélaga er því sú, að leggjast beri gegn frumvarpinu vegna þess, að samþykkt þess myndi rýra hag þeirra sveitarfélaga, sem þurfa svo mjög á Jöfnunarsjóði að halda til þess að fjármál þeirra fari ekki úr böndunum.

Virðingarfyllst,  
**Innheimtustofnun sveitarfélaga**

  
Sigurður Sigurðsson  
formaður stjórnar

  
Hilmar Björnvinsson  
forstjóri